

# EFTIRLITSSKÝRSLA

## Veiðifélag Ytri-Rangár Húsafelli



Dags eftirlits	30.9.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Veiðifélag Ytri-Rangár	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Bjólu 1	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	691092-2599	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Guðjónsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

### NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik frá kröfum starfsleyfis kom fram í eftirliti er varðar framleiðslumagn. Ein ábending var sett fram er varðar leka á stút við útiker.

### UMFANG EFTIRLITS

Um litla landeldisstöð er að ræða með ker bæði innan og utandyra. Stöðin stendur nærri bökkum Kaldár við Húsafell. Rennur frárennsli stöðvarinnar í settjörn og þaðan út í Kaldá.

#### Umfang boðaðs eftirlits var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti og stöðu fráviks
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóða.
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna.
- Leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðhöndlun fastefnis frá landeldisstöðvum.

Farið var yfir stöðuna frá síðasta eftirliti. Frávik vegna umframframleiðslu seiða var sett fram í síðasta eftirliti. Skv. úrbótaáætlun sem rekstraraðili sendi inn til eftirlitsaðila þann 14. apríl sl. kom fram að rekstraraðili hafi nú þegar sent inn umsókn um endurnýjað, stækkað leyfi og er það í vinnslu hjá Umhverfisstofnun. Einnig kom fram að rekstraraðili hygðist sækja um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um aukna framleiðslu fram að útgáfu nýs starfsleyfis. Ekki hafði verið sótt um slíka undanþágu er eftirlitið fór fram og því er áfram skráð frávik vegna umframframleiðslu árið 2020. Skv. tölvupósti frá rekstraraðila þann 20. október sl. kemur fram að umsókn um undanþágu hafi nú verið send til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða fyrir árið 2021 og það uppfært m.t.t. stöðu stöðvarinnar í dag.

Í stöðinni eru laxaseiði sem alin eru til sleppingar í laxveiðiár. Misjafnt er hvað tekið er inn fyrir margar ár en er eftirlitið fór fram voru seiði í stöðinni til sleppingar í 5 laxveiðiár. Árið 2020 voru framleidd 24 tonn af laxaseiðum eða um 400.000 einstaklingar, en leyfi er fyrir framleiðslu á allt að 300.000 seiðum, allt að 40 g þyngd, í stöðinni. Hér er því um frávik frá ákvæðum starfsleyfis að ræða. Rekstraraðila var bent á að sækja um undanþágu til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hið fyrsta, þar til nýtt starfsleyfi hefur verið gefið út en fullgild umsókn hefur verið send inn til Umhverfisstofnunar um endurnýjað, stækkað leyfi.

Skv. starfsleyfisskilyrðum skulu skráningar, áætlanir og önnur gögn er varða starfsleyfið vera aðgengileg eftirlitsmanni í eftirliti. Gögnin voru til staðar við staðar við eftirlit, í rafrænu skráningakerfi, en einnig er dagleg skráning í dagbækur.

Engar breytingar hafa verið gerðar á kerjum í stöðinni frá síðasta eftirliti. Sjálfvirk fóðrun er í stöðinni og hefur verið sett upp gott loftunar og O<sub>2</sub> kerfi í kerin og fóðurnýtingu þannig haldið í hámarki.

Síðustu mælingar í frárennsli voru gerðar þann 14. september 2021, Sýni ehf. sá um sýnatöku og greiningu sýna. Niðurstöður sýnatökunnar höfðu ekki borist rekstraraðila er eftirlitið fór fram en voru sendar til eftirlitsaðila með tölvupósti þann 12. október sl. Niðurstöður sýnatökunnar sýndu að engin breyting var á gildum COD, nitri, fosfór eða svifögnum (TSS) frá innrennsli í stöðina, til útrennslis í

viðtaka. Hámarksgildi losunar á N og P eru ekki tiltekin í starfsleyfi.

Allt vatn í stöðinni er sjálfrennandi og því ekki þörf á dælingu. Engin olía er geymd á staðnum. Efnanotkun er mjög lítil en formalín og sótthreinsiefni eru einu spilliefnin sem notuð eru. Rekstraraðila er bent á að hafa til staðar öryggisblöð fyrir öll þau efni sem notuð eru og að þau séu aðgengileg öllum starfsmönnum. Umbúðum undan spillalæfnum er komið í viðeigandi farveg.

Ekki var að sjá neina óeðlilega uppsöfnun fóðurleyfa, slý eða önnur óhreinindi við frárennsli stöðvarinnar. Settjörn leit vel út og virðist skila hlutverki sínu vel. Hreinsað var upp úr settjörninni í ágúst sl. Stöðin er snyrtileg á að líta og umgengni góð. Ekki gerðar athugasemdir um frágang á lóð.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
Gr. 1.3 í starfsleyfi	Skv. starfsleyfi er leyfilegur fjöldi seiða allt að 300.000 og stærð þeirra allt að 40 g. Árið 2020 voru alin als 400.000 seiði í stöðinni sem er umfram heimild.



## ÁBENDINGAR

Bent er á að laga þurfi og þétta stút á útikeri. Eldisvatn lekur úr kerinu meðfram stútnum og niður í jarðveg umhverfis kerid.

## ANNAÐ

Rekstraraðili hefur ekki sett sér umhverfismarkmið en ekki er krafa um það í gildandi starfsleyfi. Hins vegar er bent á það að vel upp sett og virk umhverfismarkmið eru hluti af áhættumati eftirlitsaðila og geta haft áhrif á tíðni eftirlits, sem og komið rekstraraðila að góðu gagni.

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila né eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.


Þar sem stöðin liggur fjarri sjó er ekki gerð krafa um tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

Leiðbeiningaskjal um fráveitu- og fastefnameðhöndlun fiskeldisstöðva á landi var sent með fundarboði eftirlitsins.

**1** Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

**2** Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 20.10.2021



Guðbjörg Stella Árnadóttir

